

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Orð lífsins.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir Orð lífsins. Lögheimili hennar og varnarþing eru í Reykjavík.

2. gr.

Orð lífsins byggir á objektífum kristnum hjálpræðisgrundvelli sem lagður er af Jesú Kristi og birtur er í heilagri ritningu, Biblíunni, fyrir opinberun heilags anda. Markmið stofnunarinnar er að efla og útbreiða kristna trú. Til þess að ná markmiði sínu starfar Orð lífsins í nokkrum starfsgreinum. Þar ber fyrst að nefna kristlegt safnaðarstarf – söfnuðurinn Orð lífsins er ein grein starfs stofnunarinnar. Annað er bóka- og blaðaútgáfa, framleiðsla og dreifing fræðsluefnis á hljóð- og myndböndum, námskeiða- og skólalald o.fl. Í samræmi við markmið má styðja svipað starf á annarra vegum fjárhagslega og á annan hátt bæði hérlendis og erlendis.

3. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 400 000. Bókaútgáfan Orð lífsins, sem starfað hefur í formi einstaklingsfyrirtækis frá 1987 verður lögð niður við stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og allar eignir hennar verða þar með eign stofnunarinnar. Þær eru að verðmæti kr. 4 000 000, að mestum hluta í formi bókalagers sem nú sem stendur er 15 titlar að upphaflegu upplagi 1000 við útgáfu hvers um sig. Stofnfé er inni í þessari eign og skal það ávallt haldast óskert.

4. gr.

Tekjur stofnunarinnar verða frjáls framlög og gjafir auk tekna af starfsemi stofnunarinnar og vaxta.

5. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar Orð lífsins skipa: Ásmundur Magnússon, kt. 120351-3629, Espilundi 2, Gardabæ, formaður, Jódís Konráðsdóttir, kt. 130556-3299, Espilundi 2, Gardabæ, gjaldkeri og Guðmundur Örn Ragnarsson, kt. 261146-2239, Brávallagötu 10, Reykjavík, ritari. Formaður stjórnar er jafnframt fyrsti forstöðumaður safnaðarins Orð lífsins. Falli einhver úr stjórn, tilnefnir stjórnin annan í hans stað. Prókuruhafar eru formaður og gjaldkeri stjórnar og sá eða þeir sem stjórnin ákveður.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal færa gerðabók fyrir stofnunina. Færa skal í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað er varðar hag og rekstur stofnunarinnar, tekjur og gjöld og ársreikninga stofnunarinnar. Reikningsár hennar er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda.

7. gr.

Ráðning starfsfólks krefst samþykktar stjórnar. Stefna ber að því að laun verði í samræmi við almenn launakjör í landinu.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur breytt skipulagsskrá þessari með einróma samþykkt. Þó má aldrei breyta efnisinnihaldi 2. gr., sem kveður á um markmið. Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar renna til hliðstæðra verkefna og segir í 2. gr., eftir nánari ákvörðun stjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Reykjavík, 27. janúar 1992,
f. h. stjórnar,
Ásmundur Magnússon.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. febrúar 1992.

F. h. r.
Jón Thors.

Fanney Óskarsdóttir.

Nr. 72

2. janúar 1992

AUGLÝSING

um umferð í Hafnarfirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Hafnarfirði:

1. Biðskylda verði sett á eftirfarandi götur gagnvart Háholti:
Akurholt, Álholt, Brattholt, Bæjarholt, Dvergholt, Eyrarholt, Hörgholt, Klapparholt og Miðholt.
2. Biðskylda verði sett á Háholt gagnvart Suðurbraut og Miklaholti.
3. Biðskylda verði sett á eftirfarandi götur gagnvart Hlíðarbergi:
Staðarberg, Hamraberg, Dofraberg, Traðarberg, Birkiberg, Burknaberg, Lækjarberg, Lindarberg, Móberg, Skálaberg og Sólberg.
4. Biðskylda verði sett á Kelduhvamm gagnvart Brekkuhvammi.
5. Biðskylda verði sett á Lindarhvamm gagnvart Brekkuhvammi.
6. Biðskylda verði sett á eftirtaldar götur gagnvart Hvaleyrarbraut:
Hólabraut, Stapagata, Brekkutröð, Miklaholt, Grandatröð, Eyrartröð og Melabraut.
7. Einstefna verði á Gunnarssundi og ekið frá Austurgötu að Strandgötu, þ.e. í gagnstæða átt við það sem verið hefur.

Einnig hefur samkvæmt heimild í 37. grein umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, verið ákveðið, að hámarksökuhraði á eftirtöldum götum verði 30 km/klst. frá og með 26. september 1991:

Bárukinn, Brattakinn, Fagrakinn, Grænakinn, Háakinn, Kaldakinn, Lækjarkinn og Stekkjarkinn.

Bæjarfógetinn í Hafnarfirði, 2. janúar 1992.

Már Pétursson.